

Lilja Sigrún Jónsdóttir
heimilislæknir

Vanræktur faraldur meðal ungmenna

Á tíundu Evrópsku tóbaksvarnarráðstefnunni (ECTOH) í Mílanó var nýverið farið yfir þróun notkunar tóbaks og árangur tóbaksvarna í Evrópu mældur. Við Íslendingar höfum verið í efstu fjór-um sætum en í ár var Ísland í tíunda sæti, ásamt fjórum öðrum löndum, meðal annars Danmörku.

Þegar Rammasamningur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um tóbaksvarnir, *Framework Convention of Tobacco Control* (FCTC), varð til undir stjórn Gro Harlem Brundtland, norsks læknis og þáverandi forstjóra Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, jókst fagmennska og samhæfing í tóbaksvarnarstarfi bæði á landsvísi og alþjóðlega. Ísland staðfesti FCTC rammasamninginn 14. júní 2004 og hefur þegar innleitt hluta hans. Þegar skemmtistaðir og veitingahús urðu reyklaus hér á landi árið 2007 gerbreyttist daglegt umhverfi hins reyklausa meirihluta þjóðarinnar. Sátt var um að beita stjórnvaldsaðgerðum til að hlífa þeim sem ekki reyktu við tóbaksreyk.

Nikótín, eiturefni eða söluhæf vara?

Það urðu ófyrirséð kaflaskil í tóbaksvörnum þegar nikótín var fellt úr löggjöf um eiturefni (hér á landi árið 2013). Á stuttum tíma fóru rafrettuvörur með nikótíni að vera til sölu með ávaxta- eða sælgætisbragði, án aldurstakmarkana, til sýnis í verslunum og án eftirlits. Rafrettuáhöldin og vökvinn féllu utan við eftirlit opinberra stofnana og sölustöðum fjölgaði fljótt. Seinna komu nikótínþúðar á mark-

að, með fjölbreyttum bragðefnum. Báðir þessir vörflokkar voru til að byrja með án eftirlits á sölu og sýnileiki mikill í samfélaginu. Foreldrar ungra barna brugðust ekki við enda var umfjöllun á þann veg að þessar vörur væru ekki skaðlegar.

Skaðaminnkun?

Rafrettur og nikótínþúðar voru síðar felld undir lög sem setja sölu þeirra ramma. Vegna þess hve óviðbúið samfélagið var þá er nú hátt hlutfall ungmenna hér á landi að nota nikótín í rafrettum eða nikótínþúðum. Þau hafa að stærstum hluta aldrei reykt eða notað tóbak en sitja uppi með sterka nikótínfíkn. Sú staða er áhyggjuefni því notkun nikótíns hefur meðal annars neikvæð áhrif á geðheilsu.

Það má velta fyrir sér hvað neytendur eru illa varðir gagnvart nýjum vörum sem mögulega eru ekki öruggar. Sagan segir að fyrstu rafrettuna hafi lyfjafræðingur búið til sem ekki hafði náð að hætta reykingum. Enn sýna aðrar aðferðir betri árangur til að hætta. Nikótínvörur (rafrettur og nikótínþúðar) féllu utan við eftirlit stofnana upphaflega en voru þá ekki fyrirfram bannaðar, heldur var sala leyfð. Síðan hafa aðgerðir tekið mið af að gera þær öruggari til notkunar í heimahúsum. Ban-

Hér á landi hefur verið samfélagssátt um að verja ungmenni fyrir skaðlegum efnem eins og tóbaki og nikótíni þarf að falla undir það einnig.



Á Evrópuþingi um tóbaksvarnir (ECTOH 2026). Frá vinstri: Vala Smáradóttir, Jóhanna S. Kristjánsdóttir, Lilja Sigrún Jónsdóttir og Hafsteinn Viðar Jónsson.

væn nikótíneitrun barns í Suður-Kóreu hafði til dæmis áhrif því þar var nikótínvökvi gefinn í misgripum fyrir hóstasaft. Árlega sinna íslenskar heilbrigðisstofnanir um 150-200 börnum vegna gruns um nikótíneitrun.

Um hvað verður samfélagssáttin í framtíðinni?

Hér á landi hefur verið samfélagssátt um að verja ungmenni fyrir skaðlegum efnem eins og tóbaki og nikótíni þarf að falla undir það einnig. Við höfum notið góðrar vinnu heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga við eftirlit með framkvæmd tóbaksvarnarlagar og er mikilvægt að slík vinna verði áfram öflug. Einkaaðilar geta tekið ábyrgð og frumkvæði Bónuss að selja ekki tóbak er lofsvert. Síðan hefur Krónan fylgt því fordæmi. Sveitarfélög geta einnig haft hlutverk.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin leiðbeinir um hvernig má best ná árangri en stjórnvaldsaðgerðir eru á valdi stjórnmalamanna og þar þarf framsýni og úthald. Hér á landi er áhugasamt fagfólk sem getur komið að slíkri vinnu. Til dæmis hefur stefnumótun í tóbaksvörnum ekki verið gefin út né heldur er nægilegt aðgengi að skipulegri meðferð við tóbaksfíkn. Gerum betur saman og verjum börnin okkar betur.